

Nr. 062 / 12 Kristján BA 176***Olíulaus og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 6787
Smíðaður: Flateyri 1982 plast
Stærð: 4,9 brl. 4,2 bt.
Mesta lengd: 7,95 m Skráð lengd: 7,86 m
Breidd: 2,18 m Dýpt: 1,54 m
Vél: Volvo Penta 133 kW 2003
Fjöldi skipverja: 1



Kristján ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 29. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 12. júní 2012 var Kristján BA 176 á siglingu vestan Látrabjargs á leið til hafnar. Veður: Logn

Þegar komið var út af Víkum stöðvaðist vélin og eftir nokkra athugun kom í ljós að báturinn var olíulaus. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð til hafnar og kom björgunarskipið Vörður og dró Kristján BA inn til Patreksfjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra hafði hann tekið 226 lítra af olíu daginn áður og talið sig hafa fyllt tankinn enda hafi olía komið upp úr önduninni. Olíumælirinn var bilaður því annað hvort sýndi hann $\frac{3}{4}$ í tanknum eða tóm;
- að samkvæmt upplýsingum frá vélaframleiðanda er olíueyðsla vélarinnar allt að 44 lítrar á klukkustund;
- að skipstjóri taldi að mikill þrýstingur hafi verið á olíuafgreiðslustöðinni sem hafi myndað miklar froðu þegar olían streymdi undir svo miklum þrýstingi niður í tankinn. Það hafi því eingöngu verið olíufroða sem kom upp úr önduninni og stöðvaði afgangið af olíu en hann taldi að tankurinn væri fullur.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.